DRÖG

Persónuverndarstefna

varðandi samskipti við Porsche Smart Mobility GmbH í gegnum Porsche CONTACT Centre

Við, Porsche Smart Mobility GmbH (hér eftir „við“ eða „[Porsche Smart Mobility]“) þökkum þér fyrir áhuga þinn á vörum okkar og þjónustu og á fyrirtæki okkar og vörum þess. Persónuvernd þín er okkur afar mikilvæg. Því tökum við vernd persónuupplýsinga þinna mjög alvarlega og sýnum ítrasta trúnað í meðhöndlun þeirra. Persónuupplýsingar þínar eru aðeins unnar í samræmi við gildissvið lagaákvæða gagnaverndarlaga ESB, einkum almennu persónuverndarreglugerðarinnar („GDPR“). Í þessari persónuverndarstefnu veitum við þér upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga þinna og réttindi þín sem skráður einstaklingur varðandi þau skref sem eru tekin til að vinna úr beiðninni sem hluta af samskiptum. Til að fá upplýsingar um aðrar vörur og þjónustu sem önnur fyrirtæki Porsche Group bjóða skaltu kynna þér viðkomandi persónuverndarstefnu fyrir þá þjónustu eða fyrirtæki.
Ef við látum fylgja með tengil á þessa persónuverndarstefnu af utanaðkomandi samfélagsmiðlum gilda eftirfarandi skilyrði aðeins ef gagnavinnsla sem er hluti af starfsemi slíkra samfélagsmiðla er í raun á ábyrgðarsviði okkar og er sértækari og því eru upplýsingar um ítarlegri gagnavernd ekki veittar innan slíkrar starfsemi samfélagsmiðla.

1. Ábyrgðaraðili og gagnaverndarfulltrúi fyrir gagnavinnslu; samskiptaupplýsingar

Ábyrgðaraðili fyrir gagnavinnslu í samræmi við löggjöf um gagnavernd er:

Porsche Smart Mobility GmbH
Porscheplatz 1
70435 Stuttgart
Þýskaland
Sími: +49 711 911 75400
Netfang: smartmobility@is.porsche.com

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef þú þarft á frekari aðstoð að halda. Þú getur haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á eftirfarandi heimilisfangi:

Porsche Smart Mobility GmbH
Beauftragter für Datenschutz
Porscheplatz 1
70435 Stuttgart
Þýskaland
Kontakt: http://por.sc/privacycontact

2. Viðfangsefni gagnaverndar

Viðfangsefni gagnaverndar er vernd persónuupplýsinga. Þetta eru allar upplýsingar sem tengjast persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi (í löggjöf nefndur skráður einstaklingur). Þetta tekur t.d. til upplýsinga eins og nafns, póstfangs, netfangs eða símanúmers, sem og upplýsinga sem eru nauðsynlegar í samskiptum í sambandi við úrvinnslu viðkomandi beiðni þinnar, svo sem beiðna um tæknilega aðstoð varðandi Connect-þjónustuna í ökutækinu þínu eða í Porsche-forriti.

3. Gerð, umfang, tilgangur og lagagrundvöllur sjálfvirkrar gagnavinnslu

Í sumum tilvikum er hægt að nota samskiptavalkostinn án skráningar til að vinna úr tilteknum beiðnum. Persónuupplýsingum kann að vera safnað jafnvel þótt þú notir þetta án skráningar.

Hér á eftir má finna yfirlit yfir gerð, umfang, tilgang og lagagrundvöll sjálfvirkrar gagnavinnslu þegar samskiptavalkostur er notaður til að vinna úr viðkomandi beiðni. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga við notkun á einstaka þjónustum og aðgerðum má finna í lið 5 hér á eftir.

3.1. Einstaka þjónusta og virkni

Við vinnum úr persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er vegna undirbúnings og framkvæmdar samningsins. Tilgangurinn er háður sérstökum samningi og nær einkum yfir:

- Úrvinnslu fyrirspurna frá hugsanlegum og raunverulegum viðskiptavinum í tengslum við vörur og kvartanir vegna Porsche Smart Mobility GmbH
- Tæknilega aðstoð fyrir viðskiptavini og söluaðila, einkum með því að veita þjónustunúmer þar sem þú getur haft samband við okkur í síma.

Gögn eru unnin á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú verður að veita persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir undirbúning og framkvæmd samskipta til að vinna úr viðkomandi beiðni. Við getum ekki unnið úr fyrirspurn þinni eða orðið við beiðni þinni án þessara upplýsinga.

3.2. Uppfylling lagalegra skuldbindinga eða vinnsla persónuupplýsinga í þágu almannahagsmuna

Við vinnum einnig úr persónuupplýsingum þínum til að uppfylla lagalegar skyldur sem hvíla á okkur. Lagaskyldurnar geta t.d. stafað af viðskipta-, skatta-, fjarskipta-, peningaþvættis-, fjármála- eða refsirétti. Tilgangur vinnslunnar er að uppfylla viðkomandi lagaskyldu; vinnslan þjónar yfirleitt þeim tilgangi að uppfylla skyldur hvað varðar eftirlit og upplýsingaskyldu.

Gögn eru unnin á grundvelli c- eða e-liðar 1. mgr. 6. gr. í almennu persónuverndarreglugerðinni. Ef við söfnum gögnum á grundvelli lagalegrar skyldu eða almannahagsmuna þarftu að veita persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að fullnægja lagalegu skyldunni. Við getum ekki unnið úr fyrirspurn þinni eða uppfyllt þessar skyldur ef upplýsingarnar eru ekki veittar.

3.3. Verndun lögmætra hagsmuna

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum í þeim tilgangi að gæta lögmætra hagsmuna okkar. Auk þeirra hagsmuna sem tilgreindir eru í lýsingu á einstaka þjónustu og aðgerðum í 3. og 5. hluta fer gagnavinnsluferli fram innan ramma samskiptanna til að vinna úr beiðni þinni eða eftir skráningu, einkum með hliðsjón af eftirfarandi hagsmunum:

- Frekari þróun á tilboðum fyrir vörur, þjónustu og viðhald, auk annarra ráðstafana til að uppfylla skuldbindingar og ferla;
- Bætt vörugæði, lagfæringar á göllum og bilunum með því að greina upplýsingar um ökutæki og endurgjöf viðskiptavina;
- Vinnsla gagna á miðlægu verkvöngum fyrir hugsanlega og núverandi viðskiptavini, auk vildar- og sölukerfa sem taka við gögnum og senda þau;
- Úrvinnsla mála varðandi ábyrgð og viðskiptavild, sem og mála tengdum fyrirspurnum og endurgjöf hugsanlegra viðskiptavina og núverandi viðskiptavina;
- Áhættustýring og samræming innköllunaraðgerða;
- Að tryggja lögmætar aðgerðir, koma í veg fyrir og verjast lögbrotum (einkum afbrotum), lagalegur réttur og varnir gegn réttarkröfum;
- Að ábyrgjast framboð, rekstur og öryggi tæknikerfa sem og gagnastjórnunar.
- Með hliðsjón af þessu eru viðeigandi gögn unnin á grundvelli f-liðar 1. mgr. 6. gr. í almennu persónuverndarreglugerðinni.
- Svörun og úrvinnsla á fyrirspurnum og ábendingum.

- Gagnkvæmur flutningur gagna á milli fyrirtækja (Porsche AG, innflutningsaðilar og söluaðilar) fyrir innifalda þjónustu við viðskiptavini.

3.4. Samþykki

Ef þú veitir samþykki fyrir tilteknu ferli fyrir gagnameðhöndlun telst slíkt ávallt vera í sérstökum tilgangi; tilgangurinn er settur fram í efni viðkomandi samþykkisyfirlýsingar. Í þessu tilfelli eru gögn unnin á grundvelli a-liðar 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Við getum ekki orðið við beiðninni ef þú veitir ekki samþykki þitt. Þú getur hvenær sem er dregið samþykki þitt til baka. Þetta hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkisins sem var gefið fram að afturkölluninni.

3.5. Viðtakendur persónuupplýsinga

Viðtakendur innan fyrirtækis: Innan Porsche Smart Mobility GmbH hafa þeir einir aðgang sem þurfa á honum að halda í þeim tilgangi sem vísað er til hér að ofan í hverju tilviki.

Viðtakendur utan fyrirtækis: Við sendum persónuupplýsingar þínar eingöngu til viðtakenda utan Porsche Smart Mobility GmbH ef það er nauðsynlegt til að meðhöndla beiðnina þína, ef önnur lagaleg heimild er fyrir hendi eða ef við höfum fengið samþykki þitt til að áframsenda gögnin.

Viðtakendur utan fyrirtækis geta verið:

a) Vinnsluaðilar
Fyrirtæki í Porsche AG samstæðunni eða utanaðkomandi þjónustuaðilar sem við notum til að veita þjónustu, til dæmis vegna innviða og reksturs samskiptamiðstöðvarinnar ásamt viðhaldi þjónustunnar fyrir hönd Porsche AG. Við veljum þessa vinnsluaðila vandlega og framkvæmum reglulega úttekt hjá þeim til að tryggja öryggi og trúnað persónuupplýsinga þinna. Þjónustuaðilarnir mega eingöngu nota gögnin í þeim tilgangi sem við höfum tilgreint.

Porsche Contact Centre er rekin fyrir okkar hönd af:

Sitel GmbH, Münsterstraße 100, 40476 Düsseldorf, Þýskalandi

Fyrir Stóra-Bretland, Írska lýðveldið og Gíbraltar:
RAC Motoring Services, RAC House, Brockhurst Crescent, Bescot, Walsall, WS5 4AW, Stóra-Bretland.

b) Opinberir aðilar
Yfirvöld og opinberar stofnanir, svo sem skattayfirvöld, saksóknarar eða dómstólar, sem við (þurfum) að afhenda persónuupplýsingar af lagalegum ástæðum eða til að gæta lögmætra hagsmuna. Gögnin eru flutt á grundvelli c- eða f- liðar 6. mgr. 1 í almennu persónuverndarreglugerðinni eða 2-liðar. 26. mgr. 1 í þýsku gagnaverndarlögunum (Bundesdatenschutzgesetz; BDSG).

c) Einkaaðilar
Söluaðilar og þjónustufyrirtæki Porsche, samstarfsaðilar, þjónustuveitendur eða aðilar sem fá gögnin afhent á grundvelli samþykkis, til að framfylgja samningi við þig eða til að gæta lögmætra hagsmuna, til dæmis Porsche-umboð og þjónustuaðilar Porsche, fjármögnunarbankar, veitendur annarrar þjónustu eða flutningsaðilar. Gögnin eru flutt á grundvelli a-, b- og/eða f-liðar 1. mgr. 6. gr. í almennu persónuverndarreglugerðinni.

4. Gagnavinnsla í þriðju löndum

Séu gögn flutt til aðila sem ekki eru með höfuðstöðvar eða gagnaúrvinnslustöð í aðildarlandi Evrópusambandsins eða ríki sem er aðili að EES-samningnum, tryggjum við, áður en gögnin eru látin af hendi, nema í undantekningartilvikum sem eru heimil samkvæmt lögum, að annaðhvort sé boðið upp á fullnægjandi gagnavernd hjá viðtakanda, t.d. með hæfisúrskurði

framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, viðeigandi varúðarráðstöfunum á borð við eiginvottorð viðtakanda samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins eða með samningi við viðtakandann með stöðluðum samningsákvæðum ESB, eða að þú hafir veitt samþykki þitt fyrir gagnaflutningnum.

Þú getur fengið frá okkur yfirlit yfir viðtakendur í þriðju löndum sem og afrit af þeim sértæku reglugerðum sem samþykktar hafa verið til að tryggja fullnægjandi gagnavernd. Til þess skaltu nota upplýsingarnar í 1. hluta.

5. Heimildir og gagnaflokkar fyrir gögn sem safnað er frá þriðju aðilum

Við vinnum ekki aðeins úr persónuupplýsingum sem berast beint frá þér. Við fáum persónuupplýsingar frá þriðju aðilum, að því tilskildu að lagagrundvöllur fyrir því sé fyrir hendi. Eftirfarandi er yfirlit yfir viðeigandi heimildir og gagnaflokka þegar gögnum er safnað frá þriðju aðilum:

- Við fáum gögn af vöktunarlista frá þriðju aðilum til að uppfylla lagaskyldur til að koma í veg fyrir afbrot og til að gæta almannahagsmuna. Þessi gögn eru svo unnin á grundvelli c- eða f- liðar 1 mgr. 6 gr. í almennu persónuverndarreglugerðinni.

6. Sjálfvirk ákvarðanataka og gerð persónusniðs

Við notum ekki sjálfvirka ákvarðanatöku samkvæmt 22. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar til að undirbúa, koma á eða efla viðskiptatengsl. Persónusnið er aðeins framkvæmt innan ramma vinnslutilgangsins sem lýst er í þessu skjali til að vernda réttmæta hagsmuni okkar.

7. Varðveislutími gagna, eyðing

Eftirfarandi á við nema annað sé kveðið á um í lýsingu á einstaka þjónustu og aðgerðum:

Við geymum persónuupplýsingar þínar aðeins í þann tíma sem er nauðsynlegur í ætluðum tilgangi eða – þegar samþykki er veitt – þar til þú dregur samþykki þitt til baka. Ef þú dregur samþykki þitt til að vinna úr persónuupplýsingum þínum til baka munum við eyða þeim, nema viðeigandi lagaákvæði kveði á um að hægt sé að vinna úr þeim frekar. Einnig eyðum við persónuupplýsingum þínum ef okkur ber skylda til þess af öðrum lagalegum ástæðum.

Í samræmi við þessar almennu meginreglur munum við yfirleitt eyða persónuupplýsingum um þig tafarlaust

- þegar lagagrundvöllur á ekki lengur við og að því tilskildu að enginn annar lagagrundvöllur sé fyrir hendi (t.d. viðskiptaréttur og varðveislutími skattalaga). Ef hið síðarnefnda er tilfellið eyðum við upplýsingunum þegar hinn lagagrundvöllurinn á ekki lengur við.
- ef við þurfum ekki lengur gögnin við undirbúning og framkvæmd samnings eða lögmætra hagsmuna og enginn annar lagagrundvöllur á við (t.d. viðskiptaréttur og varðveislutími samkvæmt lögum). Ef hið síðarnefnda er tilfellið eyðum við upplýsingunum þegar hinn lagagrundvöllurinn á ekki lengur við.
- ef tilgangur með söfnun gagnanna á ekki lengur við og enginn annar lagagrundvöllur á við (t.d. viðskiptaréttur og varðveislutími samkvæmt lögum). Ef hið síðarnefnda er tilfellið eyðum við upplýsingunum þegar hinn lagagrundvöllurinn á ekki lengur við.

8. Réttur skráðra einstaklinga

Sem skráður einstaklingur sem gagnavinnslan hefur áhrif á hefur þú ýmis réttindi. Einkum og sér í lagi

Réttur til aðgangs: Þú átt rétt á að fá upplýsingar frá okkur um þau gögn sem við höfum vistað um þig.

Réttur á lagfæringu og eyðingu: Þú átt rétt á að krefjast þess að við leiðréttum röng gögn og – að því tilskildu að lagaskilyrði séu uppfyllt – að við eyðum gögnum um þig.

Takmörkun á vinnslu: Við skjalfestum með nákvæmum hætti vinnslu persónuupplýsinga, að því marki sem slíkrar skráningar er krafist samkvæmt persónuverndarlögum.

Flutningur eigin gagna: Ef þú hefur látið okkur í té gögn á grundvelli samnings eða samþykkis hefur þú í samræmi við lagaskilyrði rétt á að fá gögnin afhent sem þú hefur látið okkur í té á skipulögðu, stöðluðu og tölvulesanlegu sniði eða þú getur krafist þess að við flytjum gögnin til annars ábyrgðaraðila.

Mótmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli „lögmætra hagsmuna": Þú hefur rétt til að andmæla, á grundvelli sérstakra aðstæðna þinna, úrvinnslu okkar á gögnum þínum, að því tilskildu að andmæli þín séu byggð á lagagrundvelli „lögmætra hagsmuna". Ef þú nýtir þér andmælarétt þinn munum við hætta vinnslu gagna þinna nema við getum – í samræmi við lagaskilyrðin, sýnt fram á mikilvæga lögmæta hagsmuni fyrir frekari vinnslu, sem ganga framar réttindum þínum.

Afturköllun samþykkis: Ef þú hefur veitt okkur samþykki til að vinna úr gögnum þínum getur þú afturkallað það samþykki hvenær sem er og tekur það gildi frá þeim tíma. Lögmæti úrvinnslu á gögnunum þínum hefur ekki áhrif fyrr en samþykki er afturkallað.

Réttur til að leggja fram kvörtun til eftirlitsyfirvalds: Þú getur einnig lagt fram kvörtun til lögbærs eftirlitsyfirvalds ef þú telur að vinnsla gagna þinna brjóti í bága við löggjöfina. Til að gera það getur þú leitað til gagnaverndaryfirvalda sem bera ábyrgð á bæ/borg þinni eða landi þínu, eða gagnaverndaryfirvalda sem bera ábyrgð á okkur.

Til að hafa samband við okkur: Ekki hika við að hafa samband við okkur þér að kostnaðarlausu ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vinnslu persónuupplýsinganna þinna, réttindi þín sem skráður einstaklingur og það hvaða samþykki þú kannt að hafa veitt. Til að nýta þér öll ofangreind réttindi skaltu hafa samband við http://por.sc/privacycontact eða með því að senda póst á heimilisfangið sem tilgreint er í hluta 1 hér að ofan. Þegar þú hefur samband við okkur skaltu gæta þess að við getum auðkennt þig með skýrum hætti.

9. Tenglar í tilboð þriðju aðila

Þjónusta sem aðrar þjónustuveitur afhenda sem kann að vera vísað til í samskiptum til að vinna úr tiltekinni beiðni þinni hefur verið og er skipulögð og veitt af þriðju aðilum. Þriðju aðilar geta verið:

- Stuðningsaðilar þjónustu Porsche Smart Mobility GmbH
- Þjónustuaðilar Porsche Deutschland GmbH
- Þjónustuaðilar Porsche Lizenz- und Handelsgesellschaft mbH & Co. KG
- Aðrir þjónustuaðilar

Við höfum engin áhrif á gerð, innihald eða hlutverk þessara þriðju aðila. Við undanskiljum okkur öllu efni í öllum tilboðum frá þriðju aðilum. Hafðu samband við þá þriðju aðila sem bjóða upp á þessa þjónustu eins og nauðsynlegt er til að fá viðeigandi upplýsingar.

10. Útgáfa

Nýjasta útgáfa þessarar persónuverndarstefnu gildir. Dags. 30.11.2022.

***